

**Nd.**

**218. Breytingartillögur**

við frv. til fjárukalaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi, sem verður

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. (læknaskipun o. fl.) eru veittar 24,600 kr.

1. Ritfje handa landlækni ... .. .	kr. 1000,00
2. Við 6. b. Viðbótarstyrkur til augnlæknis til ferðalaga...	— 400,00
3. Við 11. B. Til ljósstöðvar ... .. .	— 15,000,00
4. Við 15. a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ... .. .	— 4,200,00
Uppbót þessi er veitt fyrir árin 1916 og 1917, eftir fjölda legudaga, þó með þeim skildaga, að eigi komi meira en 15 aurar á hvern legudag, og að hjerað það, sem rekur sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið, leggi fram jafn mikið sem fjárlagastyrkur og þessi uppbót nema samtals.	
5. Við 15. b. Til sjúkraskýlisgerðar á Stórólshvoli ... .. .	— 3,000,00
6. Við 15. h. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla ... .. .	— 1,000,00
	<u>Alls kr. 24,600,00</u>

## 2. Við 2. gr.

Framan við komi nýr liður:

1. Við A. 2. Dýrtíðaruppbót til pósta 1916, endurtekin heimild	kr. 23,865,98
2. Við 1. Liðinn skal orða svo:	
Við B. II. Til afhendingar vega ... .. .	— 14,000,00
3. Á eftir 2. lið koma 2 nýir töluliðir:	
3. Við C. III. 2. Til Breiðafjarðarbáts ... .. .	— 4,000,00
4. Við C. III. 10.:	
a. Til vjelbátaferða á Húnaflóa, alt að ... .. .	— 5,000,00
b. Til vjelbátaferða í Norður-Pingeyjarsýslu með endastöðvum Seyðisfirði og Sauðárkróki, alt að... .. .	— 8,000,00
c. Til Austfjarðabáts, alt að ... .. .	— 20,000,00

Þau skilyrði skulu sett fyrir styrkveitingum þessum, að hlutaðeigandi hjeradsstjórnir útvegi bátana og yfirliti reikninga þeirra og sendi stjórnarráðinu þá síðan með yfirlýsingu um, að þær sjeu þeim samþykkar, enda verði styrkurinn ekki útborgaður fyr. — Styrkurinn má ekki fara fram úr helmingi rekstrarkostnaðar.

Bátarnir skulu eigi vera minni en 30 smálesta. Þó má stjórnarráðið veita styrkinn til þessara ferða, þótt smærri bátar sjeu notaðir, ef þeir fást eigi nógu stórir, eða ef smábátar eru hentugri af alveg sjerstökum ástæðum.

## 3. Við 3. gr.

Við 1. lið. Aftan við liðinn skal koma nýr liður, er þá verður 2. liður:

2. Við B. I. b. Til Holgers Wiehe sendikennara... .. .	kr. 1,000,00
Við 4. lið:	
Við VIII. Verslunarskólinn í Reykjavík ... .. .	— 1,000,00
Við XI. 1. Fyrir 2,500 komi:	
2,000.	

Við XI. 4. Fyrir 1,500 komi:  
500.

Við XIII. b. Fyrir 3,000 komi:  
1,000.

4. Við 4. gr.

Við 2. lið. Fella skal liðinn.

Eftir 1. lið kemur nýr liður:

2. Til Sigfúsar bókavarðar Blöndal til þess að fullgera íslensk-  
danska orðabók... .. kr. 2,500,00

5. Við 5. gr.

Aftan við greinina kemur:

6. Til Jóns Pálssonar dýralækninganema, viðbótarstyrkur.. .. kr. 200,00

6. Við 7. gr.

Við 6. lið. Fella skal liðinn.

Við 7. lið. Fella skal liðinn.

Aftan við kemur nýr liður, svo hljóðandi:

6. Til fjöggra háseta á eimskipinu »Assistent«, 400 kr. til hvers. kr. 1,600,00

Þessir tveir þriðjungar af skaðabótakröfu manna eru veittir með þeirri tilætlun, að stjórnin geri gangskör að því að fá þeim fullar skaðabætur frá rjettum hlutaðeigöndum.

7. Við 8. gr.

Aftan við greinina skal bæta:

Enn fremur til viðbótar við fje veitt til kaupa á landi undir kirkjugarð í Reykjavík... .. kr. 6,000,00

8. Við 9. gr.

2. liður orðist svo:

Að selja prestaskólahúsið fyrir það verð, sem býðst, þó ekki lægra en óvilhallir menn meta.

Aftan við kemur nýr liður, svo hljóðandi:

4. Að veita hreppsnefnd Húsavíkurhrepps tveggja ára frest á afborgun af láni til hreppsins úr viðlagasjóði til rafmagns-  
veitu.

Samkvæmt þessu breytast aðal-upphæðir.